

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 108/1987, fyrir heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis, með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs s.s. hér greinir:

1. flokkur kr. 1 500,00	4. flokkur kr. 4 000,00
2. flokkur kr. 3 000,00	5. flokkur kr. 4 500,00
3. flokkur kr. 3 500,00	6. flokkur kr. 5 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald. Ef framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988 skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00	4. flokkur kr. 38 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00	5. flokkur kr. 51 000,00
3. flokkur kr. 28 000,00	6. flokkur kr. 62 000,00

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd heilbrigðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Akranesbæjar, sem innheimtir eftirlitsgjöld í umboði sveitarstjórnar á svæðinu og stendur skil á þeim í sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins.

3. gr.

Fyrir vottorð sem heilbrigðiseftirlitið gefur skal innheimta kr. 1 000,00.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Akraness sbr. 3. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.